

Fréttabréf



Landssamband veiðifélaga.

Fréttabréf nr. 136 6. apríl 2018

Aðalfundur LV 2018

Aðalfundur Landssambands veiðifélaga árið 2018 verður haldinn að **Hótel Miklagarði (Arctic Hotels), Fjölbrautarskólanum á Sauðárkróki, dagana 8. - 9. júní nk.** Þar er góð gisti- og fundaraðstaða.

Fundurinn verður með hefðbundnu aðalfundarsniði og verður auglýstur nánar með fréttabréfi í lok maí.

Mæting er föstudaginn 8. júní **kl. 11:30** í hádegismat. Fundurinn hefst síðan **kl. 12:30** eða að loknum sameiginlegum hádegisverði. Fundinum lýkur síðdegis laugardaginn 9. júní.

Fundargestir þurfa að panta gistingu með tölvupósti; info@arctichotels.is en frekari upplýsingar eru gefnar í síma; **453 6330** á skrifstofutíma. Tilgreina skal að um aðalfund LV sé að ræða.

Panta þarf gistingu **fyrir 1. júní.**

Gist verður í tveggja manna herbergjum með sturtu og WC. Einstaklingar þurfa að deila herbergi með öðrum. Ef óskað er eftir eins manns herbergi þá fylgir því aukakostnaður.



Fundargerð stjórnarfundar LV 21. mars 2018.

Fundurinn var haldinn í Bændahöllinni, miðvikudaginn 21. mars 2018.

Fundarsetning. Fundinn setti formaður LV á fyrirhuguðum tíma, bauð alla velkomna og sá síðan um fundarstjórn. Á fundinum voru Jón Helgi Björnsson, Jón Egilsson, Jón Benediktsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Þráinn B. Jónsson og framkvæmdastjórinn, Árni Snæbjörnsson. Jón Benediktsson ritaði fundargerð. Var þegar gengið til dagskrár.

Fundargerð. Lögð var fram og undirrituð fundargerð síðasta stjórnarfundar, hinn 16. október 2017.

Aðalfundur LV að Hótel Miklagarði, Sauðárkróki, 8. - 9. júní 2018.

Framkvæmdastjóri greindi frá undirbúningi að aðalfundi 2018. Samið hefur verið um aðstöðu fyrir fundinn og um verð. Gjald, sem veiðifélögin þurfa að greiða fyrir hvern fulltrúa á fundinum var ákveðið 22.000 kr. Að venju mun stjórn koma saman til fundar að kvöldi 7. júní til að ljúka undirbúningi fyrir aðalfund.

Helstu málefni, sem ætlað er að ræða á fundinum komu til umræðu. Formanni og framkvæmdastjóra var falið að finna efni í og flytjanda að fræðsluerindi á fundinum.

Ársreikningur LV 2017. Lagður var fram frágenginn ársreikningur LV fyrir 2017. Helstu niðurstöður eru að nokkur halli er á rekstri LV en ekki meiri en ætlað var. Rekstrarhalli var kr. 4.133.056 og orsakast af öflugum andófi LV gegn aukningu sjókvíaeldis. Eignir í árslok voru 25.414.206.

Stjórnarmenn staðfestu síðan ársreikninginn með áritunum sínum.

Fjárhagsáætlun LV 2018. Lögð var fram fjárhagsáætlun LV fyrir yfirstandandi ár. Enn er gert ráð fyrir halla á rekstri og orsakast hann af sömu ástæðum og áður, þ.e. andófi gegn vexti sjókvíaeldis.

Lagðar voru fram og kynntar athugasemdir LV, frá 9. nóvember 2017, v. frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða vegna eldis á allt að 21.000 tn. af laxi í Berufirði og Fáskrúðsfirði. Framleiðsluaukning um 10.000 tn. Í athugasemdum þessum er lagst gegn fyrirætlunum Fiskeldis Austfjarða með margvíslegum rökum.

Kynntar og ræddar athugasemdir LV, frá 9. nóvember 2017, vegna tillögu að matsáætlun Akva Future ehf. um 20.000 tonna laxeldi í lokuðum kvíum í Eyjafirði. Í athugasemdum þessum er m.a. bent á að búnaður sá sem ætlað er að nota er óreyndur og LV lítur á þessar hugmyndir sem risastóra tilraun með óvissum afleiðingum.

Rædd fréttatilkynning LV frá 9. janúar 2018. Í fréttatilkynningunni leggst LV eindregið gegn hugmyndum um risavaxið fiskeldi í Eyjafirði.

Kynntar og ræddar umsögn og athugasemdir LV, frá 9. febrúar 2018, um drög að frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi. Sjónarmið LV eru þarna sett fram. Áhersla er lögð á að „vöxtur og viðgangur atvinnugreinarinnar má ekki gerast á kostnað viðgangs eða nýtingar villtra stofna.“

Kynnt bréf LV, frá 20. febrúar 2018, til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, þar sem sett er fram krafa um upplýsingar og stjórnarsýsluúttekt á viðbrögðum eftirlitsaðila með fiskeldi. Krafa þessi er sett fram vegna seinna viðbragða MAST við óhappi sem varð í óveðri fyrr í mánuðinum þegar kví í Tálknafirði skemmdist og yfir 50.000 laxar drápu.

Kynnt fréttatilkynning LV til fjölmiðla, 20. febrúar 2018. Þar sem sett krafa um stjórnarsýsluúttekt á MAST. Krafa þessi er tilkomin vegna sama máls og í lið 10.

Kynnt svar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til LV, frá 21. febrúar 2018, vegna kröfu LV um upplýsingar og stjórnarsýsluúttekt á viðbrögðum eftirlitsaðila. Í bréfinu greinir ráðherrann frá þeim ráðstöfunum sem hann hefur fyrirskipað um þetta málefni. Stjórn LV þakkar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fyrir að bregðast skjótt og vel við bréfi LV frá deginum áður.

Gestur á fundinum, Guðni Guðbergsson, fiskifræðingur á HAFRÓ.

Að loknu hádegishléi kom Guðni Guðbergsson til að ræða við fundarmenn. Hafrannsóknarstofnun og Fiskistofa hafa gert könnun á áreiðanleika veiðiskráninga í stangveiði, ástundun, verðmat veiðimanna o. fl. Guðni fór yfir niðurstöður könnunarinnar. Samkvæmt þeim er skráning laxveiði í góðu lagi en öllu lakari í silungsveiði. Í könnunni kemur einnig fram að margir svarenda séu ósáttir við verðlagningu veiðileyfa.

Kynntar athugasemdir LV til Skipulagsstofnunar frá 22. febrúar 2018, vegna áforma Laxa – fiskeldis ehf. um viðbótarframleiðslu á eldislaxi í sjókvíum í Reyðarfirði um allt að 10.000 tonn. Frummatsskýrsla.

LV telur að í áformum Laxa - fiskeldis sé að finna ýmsar rangfærslur er varða áhættu af sjókvíaeldi.

Kynnt svar MAST 28. febrúar 2018, til ANR vegna fyrirspurnar LV um upplýsingar og stjórnarsýsluúttekt. Í svari þessu er frá því greint hvernig upplýsingastreymi frá Arnarlaxi h.f. til stofnunarinnar var háttað eftir að ein eldiskví fyrirtækisins skemmdist mikið í óveðri 11-12. febrúar s.l. og hver viðbrögð stofnunarinnar voru.

Fiskistofa. Svar stofnunarinnar, 28. febrúar 2018, til ANR vegna fyrirspurnar um upplýsingar og stjórnarsýsluúttekt. Fiskistofa skýrir þarna hvernig upplýsingastreymi frá fiskeldisfyrirtækjum til stofnunarinnar sé háttað.

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur. Umsögn LV, 7. mars 2018, vegna ákvæða um breytingar á lögum um Fiskræktarsjóð. LV mótmælir harðlega fyrirhugaðri breytingu sem gerir ráð fyrir að það gjald sem í Fiskræktarsjóð hefur runnið, renni eftir breytinguna beint í ríkissjóð. Þess konar breyting gengur þvert á þá stefnu sem nefnd um málefni Fiskræktarsjóðs mótaði á síðasta ári og liggur fyrir hjá fagræðuneyti.

Kynnt styrkumsókn til Fiskræktarsjóðs vegna sérfræðikostnaðar við skýrslur og athugasemdir vegna áforma um stóraukið sjókvíaeldi.

Sótt hefur verið um styrk til að standa straum af miklum sérfræðikostnaði LV vegna þessa málaflokks.

Aðalfundur LV 2018. Stjórnarkjör. Jón Helgi Björnsson, formaður stjórnar, hefur þá lokið þriggja ára kjörtíma.

Aðalfundur LV 2019. Hvar/hvenær? Aukinn ferðamannastraumur veldur því að æ fyrir þarf að hyggja til fundarstaðar næsta árs. Ákveðið var að kanna hvort hægt verði að koma aðalfundi 2019 á að Laugabakka í Miðfirði dagana 7. - 8. júní 2019.

Önnur mál.

* **Skýrsla HHÍ – staða mála.** Hægar hefur gengið en við var búist að gera nýja skýrslu um efnahagslega þýðingu stangaveiði. Stjórn LV telur nauðsynlegt að geta kynnt niðurstöður á næsta aðalfundi og verður HHÍ tilkynnt það.

* **Heimasíða LV – uppfærsla.** Nauðsynlegt er talið að endurnýja útlit og uppsetningu heimasíðu LV. Nepal í Borgarnesi, sem hýst hefur síðuna, hefur verið skrifað vegna málsins en svar hefur ekki borist. Framhald málsins er því í óvissu.

Fundarslit. Fleira kom ekki fram undir liðnum önnur mál og kl. 15.50 var fundarstörfum lokið. Fundarstjóri þakkaði öllum fyrir fundinn og sagði honum slitið.

Að því búnu héldu fundarmenn til Fluguveiðisýningarinnar í Háskólabíói, þar sem einnig fór fram málþing um hættuna sem villtum laxi stafar af sjókvíaeldi á frjóum eldislaxi.

Fréttabréf LV: Ábm. Jón Helgi Björnsson, formaður LV
Landssamband veiðifélaga, Bændahöllinni v/Hagatorg, 107 Reykjavík
Sími: 563 0300
Heimasíða LV: www.angling.is Tölvupóstur: angling@angling.is